

Skólameistari, kennarar, aðrir starfsmenn skólans og góðir gestir komið þið sæl.

Árman Örn heiti ég og vil ég byrja á að þakka ykkur öllum fyrir komuna í dag. Þó það sé skrítið að segja frá því þá er komið að útskrift.

Undanfarin ár hafa verið gríðarlega skemmtileg bæði hvað varðar nám sem og félagslíf. Ég hef eignast marga mjög góða vini á þessum tíma er ég viss um að allir samstúdentar mínir séu sammála mér þegar ég segi að þetta hafa verið skemmtilegustu og mest krefjandi ár lífs okkar til þessa.

Þegar ég hugsa til baka rifjast upp mjög mörg skemmtileg atvik og einnig nokkrar óþægilegar minningar. Skólaganga mín í FSN fór ekkert alltof vel af stað en ég tók áfanga í 10. Bekk líkt og mjög margir sem ganga í Grunnskóla hér á Snæfellsnesi. Ég tók Stærðfræði 103 hjá Freydísi með Kristófer vini mínum. Eina vikuna áttum við að skila skilaverkefni. Freydís var fjarverandi þann tímann og Jón Eggert, þáverandi skólameistari tók við tímanum í fjarveru Freydísar. Kristófer gleymdi verkefninu sínu heima í Ólafsvík og benti Jón Eggert honum á að láta Ástu, starfsmann í GSNB hafa verkefnið daginn eftir. Kristófer mundi ekki hver hún væri og ákvað ég að hjálpa honum að muna eftir henni. Ég sagði við hann “manstu ekki, þarna litla skrítna konan sem er með Árna Stein, alltaf með okkur í Dönskutímum að skipta

sér eitthvað að” Þá heyrist í Jón Eggert “já það er konan mín”. Þannig það má segja að ég hafi ekki byrjað skólagöngu mína á góðu hliðinni hjá Skólameistararnum mínum.

Sem betur fer endaði allt á góðum nótum á milli okkur félaganna. Þegar Hrafnhildur tók við þá hurfu margir vinir mínir á brott í Háskólann. Mér fannst ég tómlegur án þeirra og ákvað að skella mér í fjarnám í tvær annir. Ég kom snögglega eftir því að fjarnám er alls ekki fyrir alla og ég byrjaði að sakna félagslífsins í FSN. Ég mun aldrei sjá eftir því að snúa aftur í FSN þar sem ég fékk að upplifa eitt skemmtilegt ár í viðbót. Ég sá strax hvað ég saknaði skólans mikið og sérstaklega allra kennarana. Þetta nám hefur búið okkur vel undir framtíðina. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð og öguð vinnubrögð sem mun hjálpa okkur vel í áframhaldandi námi. Mig kvíðir smá að yfirgefa þennan skóla og hverfa inn í þennan gríðarlega fjölda í háskólanum en það er hvergi hægt að finna jafn persónulegt og náíð skólasamfélag og hér. Að lokum við ég þakka fyrir hönd okkar allra, kennurum, öðru starfsfólki skólans og öllum samnemendum okkar fyrir frábæran tíma. Sjáumst útí hinum stóra heimi. Takk fyrir mig